

Leyfisskoðun bifreiða vegna ferðapjónustuleyfis.

- Umsækjandi kemur til Samgöngustofu og sækir um ferðapjónustuleyfi og skilar inn viðeigandi gögnum.
- Umsækjandi fer á skoðunarstöð með staðfestingu frá Samgöngustofu um að sótt hafi verið um ferðapjónustuleyfi, ásamt þeirri bifreið sem á að leyfisskoða.
- Bifreiðin er leyfisskoðuð skv. 11. gr. reglugerðar nr. 474/2017 og skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:
 1. Bifreiðin rúmi ekki fleiri en átta farþega.
 2. Bifreiðin skal búin þriggja punkta öryggisbeltum í öllum sætum, slökkvitæki og sjúkrakassa.
 3. Bifreiðin skal standast leyfisskoðun árlega, skv. sömu kröfum og gerðar eru til sérútbúinna bifreiða, sbr. skoðunarhandbók um leyfisskoðanir.
 4. Bifreiðin skal vera merkt rekstraraðila. Merking skal vera sýnileg og auðlesanleg. Bifreiðina skal skrá í notkunarflokkinn „Ökutæki með ferðapjónustuleyfi“.
- Ef bifreiðin uppfyllir skilyrði skoðunarinnar, er viðeigandi leyfisskoðunarmiði („**Leyfisskoðun ferðapjónustuleyfi**“) límdur í framrúðu bifreiðarinnar.
- Ef bifreiðin er ekki í notkunarflokkinum „**Ökutæki með ferðapjónustuleyfi**“ skal senda inn rafrænt breytingablað með breytingu á notkunarflokki.
- Skoðunin skal skráð í ökutækjaskrá sem „**Ferðapjónustuleyfisskoðun**“.
- Umsækjandi skráir bifreiðina undir leyfi til reksturs sérútbúinna bifreiða með því að senda tilkynningu á leyfisv@samgongustofa.is.
- Umsækjandi fær útgefið ferðapjónustuleyfi hjá Samgöngustofu.

